**Reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999 með áorðnum breytingum reglugerða nr. 1256/2012, 1082/2019, og 1629/2022.**

1. gr.

Löggiltum iðngreinum er skipað í iðngreinaflokka sem hér segir:

*Bygginga- og mannvirkjagreinar:*
húsasmíði
húsgagnabólstrun
húsgagnasmíði
málaraiðn
múraraiðn
pípulagnir
veggfóðrun

*Farartækja- og flutningsgreinar:*
bifreiðasmíði
bifvélavirkjun
bílamálun

*Hönnun, listir, handverk:*
gull- og silfursmíði
kjólasaumur
klæðskurður
skósmíðaiðn
steinsmíði
söðlasmíði
úrsmíði

*Matvæla- og veitingagreinar:*
bakaraiðn
framreiðsluiðn
kjötiðn
kökugerð
matreiðsla
mjólkuriðn

*Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar:*
blikksmíði
flugvélavirkjun
rennismíði
stálsmíði
    málmsuða, sérgrein
veiðarfæratækni
vélvirkjun
    kæli- og frystivélavirkjun, sérgrein

*Náttúrunýting:*
skrúðgarðyrkja

*Rafiðngreinar:*
símsmíði
rafeindavirkjun
rafveituvirkjun
rafvélavirkjun
rafvirkjun

*Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:*
bókband
ljósmyndun
prentsmíð
prentun

*Þjónustugreinar:*
hársnyrtiiðn
snyrtifræði

2. gr.

Komi til álita að starfsgrein, sem er ekki talin upp í 1. gr. þessarar reglugerðar, verði löggilt iðngrein skulu hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda, senda ráðherra sem fer með málefni iðnaðar beiðni þar um og leggja jafnframt fyrir hann tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma og kunnáttu- og prókröfur.

Komi til greina að löggilda nýja iðngrein skal við afgreiðsluna haft samráð við ráðherra er fer með menntamál og landssamtök meistara og sveina á viðkomandi sviði.

Fallist ráðherra á að löggilda greinina breytir það þessari reglugerð til samræmis. Ráðherra getur sett sérstakar reglur um veitingu starfsréttinda í hinni nýju iðngrein.

Samsvarandi vinnubrögð skal viðhafa þegar eldri iðngreinum er skipt eða þær eru sameinaðar, svo og þegar sérgreinar eru stofnaðar, þ.e. þegar sérsvið iðngreinar er viðurkennt.

Við endurútgáfu sveinsbréfa og meistarabréfa í löggiltri iðngrein sem breytt hefur verið um heiti á eða sem sameinuð hefur verið annarri löggiltri iðngrein skal notast við heiti iðngreinarinnar samkvæmt gildandi reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. mgr. 8. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 133/1999, öðlast gildi samtímis þeirri breytingu.

*Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 1999.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Þorgeir Örlygsson*